



## Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 2. júní 2022 kl. 20:30 – 21:30 á Teams

### Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson ritari, Tinna Guðmundsdóttur varamaður, Jónína Brynjólfssdóttir safnstjóri og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjóri.

Vantar: Ingirafn Steinarsson aðalmaður

### Dagskrá

- 1) Samtal við samfélagið
  - a) Gekk vel og vel sótt, um 70 manns mættu. Mikil jákvæðni samfélagsins og fengu hugmyndir Ginga Teiknistofu og Arkibbygg um nýtt húsnæði góðar viðtökur.
  - b) Mikilvægt að halda áfram samtali við samfélagið þegar líður á verkefnið.
- 2) Rætt um hönnun húsa og framkvæmd þess. Möguleikar á útfærslum ræddar og færðar frekar á næsta stjórnarfund, hvort heldur sem einhvers konar byggingarnefnd eða að stjórn taki ákvarðanir. Safnstjórum falið að koma með tillögur að byggingarnefnd fyrir næsta stjórnarfund.
- 3) Styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmann. Í samstarfi við Þjóðminjasafnið og safnadeild HÍ var sótt um og fengust styrkir fyrir 2 námsmenn í sumar sem eiga að vinna að verkefni sem snýr að uppvinnslu grísjáðra muna og að finna þeim tilgang á ný.
- 4) Staða fjárstreymis. Farið yfir stöðu fjármála.
- 5) Farið yfir sumarsýninguna, staðsetningu á Vörðum og efnistöðum sýningarinnar. Vonast er til þess að ná að klára sýninguna fyrir Smiðjuhátíð sem haldinn er 23. Júlí næstkomandi.
- 6) Næsti fundur boðaður sem staðfundur.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.